
1969 nr. 5 27. febrúar

Lög um framkvæmd fyrir mæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna

■ **1. gr.** Með lögum þessum heimilar Alþingi ríkisstjórninni að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja ákvörðunum, sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur, samkvæmt 41. gr. sáttmála hinna Sameinuðu

þjóða, sbr. og 39. gr. sáttmálans, og Íslandi kann að vera skylt að hlíta vegna aðildar sinnar að Sameinuðu þjóðunum.

■ **2. gr.** Hver sá, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, eða fyrir mæla, sem sett eru eftir þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **3. gr.** Ríkisstjórnin ákveður með auglýsingu,¹⁾ hvort og hvenær ákvæðum heimildarlaga þessara skuli beitt.

¹⁾ Augl. 776/2001, augl. 846/2001, augl. 867/2001.